

## YFIRLÝSING STJÓRNAR ÍSLANDSHREYFINGARINNAR 28.2. 2009

Stjórn Íslandshreyfingarinnar - lifandi lands hefur samþykkt að hreyfingin óski eftir því að gerast aðili að Samfylkingunni sem eitt af aðildarfélögum hennar og heiti henni fullum stuðningi í komandi kosningum.

Stjórnin skorar á fylgismenn Íslandshreyfingarinnar að ljá þessu máli stuðning sinn og verður málið lagt fyrir aðalfund hreyfingarinnar sem fyrst.

Íslandshreyfingin hefur frá upphafi litið á sig sem fyrsta og eina græna flokkinn sem skilgreinir sig hvorki til hægri né vinstri og liggur því nálægt Samfylkingunni í litrófi íslenskra stjórnmála.

Íslandshreyfingin lítur á sig sem málsvara milljóna ófæddra Íslendinga.

Í síðustu kosningum var í fyrstu góð von um að fá yfir 5% atkvæða og þrjá menn á þing en áróður um að atkvæðin féllu dauð niður ef 5% markið næðist ekki varð framboðinu til trafala.

Hreyfingin gerði samt gagn í síðustu kosningum, hélt umræðu um umhverfismál gangandi og hafði áhrif .

Hún tók fylgi frá þáverandi stjórnarflokkum og stóriðjustjórnin vék.

Hreyfingin hefur síðasta ár haft fylgi í skoðanakönnunum sem svarar til 5-8000 kjósenda og tveggja þingmanna ef hinn ólýðræðislegi 5% atkvæðaþröskuldur væri ekki við líði. Hún hefur frá upphafi barist fyrir þeim lýðræðisumbótum, sem nú hafa náð eyrum margra.

Ranglát kosningalög setja okkur hins vegar þær skorður að við teljum of áhættusamt að bjóða fram ein og sér ef það yrði til ógagns.

Byggjum við þessa niðurstöðu meðal annars á samskiptum við mikinn meirihluta flokksfélaga.

Íslandshreyfingin – lifandi land álítur það vænlegast til ávinnings fyrir stefnumál hreyfingarinnar að efla þingstyrk Samfylkingarinnar.

Þetta er niðurstaðan eftir athuganir á ýmsum kostum.

Ljóst er að krafta félagsmanna Íslandshreyfingarinnar er þörf til baráttu fyrir hugsjónum hennar, hvar sem því verður við komið.

Innan Samfylkingarinnar eigum við mörg skoðanasystkin í umhverfismálum og sem aðildarfélag mun Íslandshreyfingin halda áfram málefnastrafsemi sinni.

Ekkert atkvæði má fara til spillis til að stöðva þá skammtímagræðgi og eyðileggingu ómetanlegra náttúruverðmæta sem gengur gegn hagsmunum komandi kynslóða.

Nú er brýnast að reisa þjóðfélagið við eftir hrunið, tryggja eignarhald þjóðarinnar yfir auðlindum lands og sjávar og skapa grundvöll að endurreistum heiðri og sóma þjóðarinnar til framtíðar.